

18. febrúar 2026

Verulegur afkomubati af grunnrekstri

– Metár í tryggingastarfsemi að baki

Afkoma ársins 2025 og 4F hjá samstæðu Skaga hf.

Helstu lykiltölur 2025

Samstæðan

- Hagnaður fyrir skatta nam 2.437 m.kr. (2024: 2.545 m. kr.)
- Hagnaður eftir skatta nam 1.902 m.kr. (2024: 2.258 m.kr.)
- Hagnaður á hlut nam 1,00 kr. (2024: 1,19 kr.)
- Afkoma grunnrekstrar fyrir skatta nam 2.417 m.kr (2024: 803 m.kr.)
- Arðsemi eigin fjár var 8,6% (2024: 10,2%) og gjaldþol samstæðu var 1,31 í lok tímabilsins.
- Eigið fé samstæðu nam 23.984 m.kr. við lok tímabilsins.

Tryggingastarfsemi

- Áframhaldandi sterkur tekjuvöxtur í tryggingastarfsemi VÍS sem óx um 9,5% á milli ára.
- Tekjuvöxtur í líf- og sjúkdómatryggingum nam 12,2% milli ára.
- Samsett hlutfall var 90,7% (2024: 94,9%) og er vel umfram upphafleg markmið ársins um <94%.
- Kostnaðarhlutfall var 18,1% (2024: 19,1%).
- Afkoma af váttryggingasamningum nam 2.970 m.kr. (2024: 1.479 m.kr.) en það er besta afkoma af tryggingarrekkstri frá stofnun félagsins.

Fjármálastarfsemi

- Hreinar tekjur af fjármálastarfsemi námu 3.188 m.kr. (2024: 2.342 m.kr.) sem er 36% vöxtur á milli ára og tekjumarkmið um > 3.100 m.kr. í fjármálastarfsemi náðust.
- Eignir í stýringu (e. AuM) stóðu í 253 ma.kr. við lok tímabilsins og nam vöxtur um 26 ma.kr. á milli ára og markmið um að ná >250 milljörðum í stýringu hafa einnig náðst.
- Afkoma af fjármálastarfsemi var 238 m.kr. fyrir skatta (2024: 18 m.kr.). Jákvæður skattur leiðir til afkomu eftir skatta uppá 299 m.kr. í fjármálastarfsemi, sem samsvarar 9,3% arðsemi efnislegs eiginfjár í fjármálastarfsemi.

Fjárfestingar

- Fjárfestingartekjur námu 2.355 m.kr (2024: 3.657 m.kr.) sem samsvarar 5,2% ávöxtun (2024: 8,3%) sem kemur að mestu fram á fjórða ársfjórðungi (4,0%).
- Ávöxtun af fjárfestingum undir markmiði og örlítið undir viðmiðunarvísitölu á tímabilinu.
- Hreinar tekjur af fjárfestingum voru jákvæðar um 20 m.kr. (2024: 1.760 m.kr.) en þær litast af neikvæðri ávöxtun skráðra hlutabréfa og háum fjármagnsliðum.

Helstu lykiltölur 4F 2025

- Hagnaður eftir skatta nam 1.521 m.kr. (4F 2024: 1.557 m.kr.).
- Hagnaður á hlut nam 0,8 kr. á tímabilinu.
- Arðsemi eigin fjár var 26,4% á ársgrundvelli (4F 2024: 29,0%)
- Vöxtur tekna í tryggingastarfsemi 8,7% og afkoma af tryggingasamningum nam 50 m.kr. (2024: 437 m.kr.)
- Samsett hlutfall var 99,4% (4F 2024: 94,2%).

- Kostnaðarhlutfall var 18,7% (4F 2024: 19,8 %).
- Hreinar tekjur af fjármálastarfsemi námu 976 m.kr. (4F 2024: 892 m.kr.) sem er 9% vöxtur á milli ára, en afkoma af fjármálastarfsemi var 236 m.kr. fyrir skatta (4F 2024: 169 m.kr.).
- Fjárfestingartekjur námu 1.846 m.kr (4F 2024: 1.646 m.kr.) sem samsvarar 4,0% ávöxtun en ávöxtun af fjárfestingum var í takti við viðmiðunarvísitölu á tímabilinu.

Haraldur Þórðarson, forstjóri:

Árið 2025 var viðburðaríkt hjá Skaga samstæðunni og vel gekk á flestum vígstöðvum, sér í lagi í grunnrekstri samstæðunnar þar sem rekstrarafkoma þrefaldaðist á milli ára. Mestu munaði þar um sögulega góðan rekstrarárangur í tryggingastarfseminni en áhersla á tekjuvöxt í fjármálastarfseminni skilaði sér einnig í aukinni stærðarhagkvæmni og betri arðsemi samhliða því. Þá gekk samþætting á starfsemi ÍV inn í samstæðu Skaga að mestu vel og er nú lokið. Ávöxtun fjárfestingareigna var hins vegar talsvert undir markmiðum ársins, sem kemur að mestu til vegna neikvæðrar þróunar á hlutabréfamörkuðum, og var lítillega undir viðmiðunarvísitölu en nokkru betri en hjá samkeppnisaðilum. Í október tilkynntum við að formlegar samrunaviðræður við Íslandsbanka væru hafnar en í samruna félaganna felast mikil tækifæri til hagsbóta fyrir alla haghafa. Hagnaður samstæðunnar nam 1.902m og arðsemi til hluthafa nam 8,6% á árinu sem er undir okkar markmiði en ásættanlegt í ljósi áskorana í fjárfestingastarfsemi.

Besta ár í sögu tryggingarekstrar VÍS

Frábært ár er að baki í tryggingarekstri VÍS, en afkoma félagsins af tryggingarekstri er sú besta frá stofnun og tvöfaldaðist á milli ára. Kraftmikill tekjuvöxtur hélt áfram en tekjur af vátryggingasamningum jukust um 9,5% á milli ára, en þar af jukust tekjur líf- og sjúkdómatryggingum um 12,2%. Kostnaðarhlutfall hélt áfram að lækka á árinu, úr 19,1% í 18,1%. Niðurstaða ársins er samsett hlutfall 90,7% og afkoma tryggingarekstrar tæpir þrír milljarðar króna sem er, sem fyrr segir, besta afkoma af vátryggingum í sögu félagsins.

Samsett hlutfall var nokkuð hærra á fjórða fjórðungi en á sama tíma í fyrra en matsbreytingar komu til fyrr á árinu en eru þó sambærilegar yfir árið í heild sé litið til síðasta árs. Árangur ársins er skýr staðfesting á að þjónusta félagsins og nálgun höfðar til breiðari hóps en áður. VÍS vex meira en tryggingamarkaðurinn annað árið í röð og er afkoman vitnisburður um að sá vöxtur er arðbær. Þá jókst meðmælatryggð mest af öllum tryggingafélögum á árinu en við munum á komandi ári halda áfram að kynna nýjungar sem miða að því að bæta upplifun viðskiptavina um allt land.

Talsverður afkomubati í fjármálastarfsemi

Afkoma í fjármálastarfsemi jókst talsvert á milli ára en hún nam 238 milljónum fyrir skatta samanborið við 18 milljónir árið 2024 og afkoma í fjármálastarfsemi eftir skatta nam 299 milljónum. Þá hefur verið ánægjulegt að sjá að stígandi hefur verið í takti afkomu eftir því sem leið á árið í starfsþættinum.

Eitt af helstu markmiðum í rekstri Fossa var áframhaldandi arðbær vöxtur efnahags. Markmiðið var að auka umsvif bankastarfsemi á nær óbreyttum kostnaðargrunni milli ára. Í því ljósi er ánægjulegt að efnahagurinn óx um 16% á árinu og nam um 25 m.kr. í lok árs. Vaxtatekjur tvöfölduðust á árinu og námu alls 456 m.kr., sem má einkum rekja til stækkunar lánabókar og aukins umfangs verðbréfafjármögnunar. Þóknatekjur voru stærsti hluti tekna Fossa en þær voru tæplega 1.700 milljónir og jukust um ríflega 300 milljónir milli ára, eða um 23%. Fjármunatekjur voru sterkar í miklu ölduróti á mörkuðum, námu alls um 150 milljónum og jukust um 25% milli ára. Rekstrargjöld bankans námu alls um 2 milljörðum og hækkuðu um 13% á árinu.

Fossar viðhéldu stöðu sinni sem leiðandi milliliður fjármagns þegar kemur að frumútgáfu á skuldabréfamarkaði. Bankinn var umsjónaraðili með útgáfu 57 ma.kr. af skuldabréfum fyrirtækja og sveitarfélaga fyrir alls 10 útgefendur. Sömuleiðis hefur verið ánægjulegt að sjá hversu vel hefur gengið að styðja við viðskiptavinum með útlánunum og um leið stækka lánabók Fossa fjárfestingarbanka, sem er einn af lykilkþáttum í aukinni stærðarhagkvæmni.

Íslensk verðbréf voru á árinu hraðast vaxandi rekstrarfélag landsins, með ríflega 16% vöxt eigna í stýringu. Á stuttum tíma hefur félagið gert sig gildandi á íslenskum eignastýringarmarkaði en eingöngu eru rúm tvö ár síðan eignastýring samstæðunnar fór af stað. Vöxtur eigna í stýringu á árinu í talsvert þungu markaðsumhverfi er jafnframt staðfesting á stefnu samstæðunnar um að vera leiðandi í miðlun fjármagns utan efnahags, en stór hluti af nýjum eignum í stýringu eru í formi lánasjóða. Annað árið í röð áttu Íslensk verðbréf þann sjóð innlendra rekstrarfélaga sem skilaði hæstri ávöxtun, en ÍV Alþjóðlegur hlutabréfasjóður skilaði 19,9% ávöxtun á liðnu ári.

Krefjandi ár á hlutabréfamörkuðum litar afkomu

Fjárfestingatekjur VÍS á árinu 2025 námu 2.355 milljónum eða því sem nemur 5,2% nafnávöxtun. Á fjórða fjórðungi nam ávöxtun alls 4,0%. Góð afkoma var af skuldabréfum á árinu, eða um 2,5 milljarðar króna. Afkoma skráðra hlutabréfa var nokkuð undir væntingum en alls hafa skráð hlutabréf rúmlega 900 milljóna áhrif til lækkunar á afkomu. Óskráð hlutabréf skiluðu þó viðunandi afkomu á árinu eða tæplega 600 milljónum.

Ljóst er að afkoma fjárfestinga litar uppgjör ársins að talsverðu leyti, enda nokkuð undir bæði markmiði og langtímaeðaltali. Afkoman var þó ágæt í samanburði við markaðsaðstæður og í samanburði við eignasöfn sem fjárfesta í blönduðu eignasafni verðbréfa. Við val á fjárfestingum er horft til lengri tíma en árs í senn og við höfum mikla trú á samsetningu safnsins til lengri tíma litið.

Samrunaviðræður við Íslandsbanka

Í október tilkynntum við um að formlegar samrunaviðræður við Íslandsbanka væru hafnar þar sem lagt væri til grundvallar að hluthafar Skaga myndu eignast um 15% hlut í sameinuðu félagi. Við sjáum mikið virði í sameiningu félaganna með því að innleiða samþætt viðskiptamódel sem miðar að styrkleikum beggja félaga. Áreiðanleikakönnunum og samlegðargreiningu er lokið og unnið er að frágangi samrunasamnings. Þá er vinna við skil á tilkynningu til samkeppnisyfirvalda vel á veg komin. Viðræðum hefur miðað vel og væntingar standa til þess að hægt verði að greina frá frekari fregnum í náninni framtíð.

Við höfum sem fyrr mikla trú á því að félögin falli vel saman og samruninn komi til með að reynast hagaðilum beggja félaga til hagsbóta. Sameinað félag verður leiðandi á banka- og tryggingamarkaði ásamt því að samruninn mun búa til öflugri fjárfestingarbanka- og eignastýringarstarfsemi með fjölmörg tækifæri til frekari sóknar.

Rekstrarhorfur 2026

Áætlun samstæðu Skaga fyrir árið 2026 gerir ráð fyrir að hagnaður verði 4,1 milljarðar króna eftir skatta sem samsvarar 16% arðsemi eiginfjár en markmið félagsins er að skila yfir 15% arðsemi eiginfjár.

Rekstrarhorfur Skaga fyrir árið 2026 voru birtar í lok síðasta árs og eru sem hér segir¹:

¹

Mælikvarði	Bil	Markmið
Samsett hlutfall í tryggingastarfsemi	92-95%	<93,5%
Hreinar tekjur í fjármálastarfsemi	3.300 – 3.800m	>3.500m
Ávöxtun fjárfestingareigna		>9,5%

Kynningarfundur

Kynningarfundur vegna uppgjörsins verður haldinn miðvikudaginn 18. febrúar, klukkan 16:30 í höfuðstöðvum félagsins í Ármúla 3, Reykjavík. Haraldur Þórðarson, forstjóri, og Brynjar Þór Hreinsson, fjármálastjóri, munu kynna uppgjörið. Hægt verður að fylgjast með fundinum í beinu streymi og nálgast má upptöku af honum á [fjárfestasiðu](#) félagsins. Þar verður einnig hægt að nálgast kynningarefni fundarins.

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Haraldur I. Þórðarson, forstjóri Skaga, í netfanginu haraldur@skagi.is